**Bæjarstjórn Ölfuss - 238 - 1609012 - Byggðamál: Byggðakvóti fiskveiðiárið 2016/2017**

Gunnsteinn R. Ómarsson til: hinrik greipsson 29.11.2016 16:33

Sæll Hinrik,

Hér fyrir neðan má sjá afgreiðslu bæjarstjórnar á aðferðarfræði við úthlutun byggðakvóta fyrir fiskveiðiárið 2016/2017. Reglan hefur verið eftirfarandi (kannski óþarfi að taka það sérstaklega fram):

„Úthlutun fer þannig fram að 35% verði skipt jafnt á milli allra skipa sem uppfylla skilyrði gildandi reglugerðar um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2016/2017 og skráð eru í Þorlákshöfn 1. desember 2016. Hinn hlutinn 65% skiptist á skip á grundvelli alls landaðs afla sem telur til aflamarks á fiskveiðiárinu 2015/2016."

Vona að þetta séu nægjanlegar upplýsingar svo úthluta megi þessum tonnum.

Bestu kveðjur,

Gunnsteinn R. Ómarsson
Bæjarstjóri
Sveitarfélagið Ölfus
s. 480-3800
gunnsteinn@olfus.is

**1609012 - Byggðamál: Byggðakvóti fiskveiðiárið 2016/2017.**

Lagt fram bréf Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins dags. 31. október s.l. þar sem tilkynnt er að sveitarfélaginu hafi verið úthlutað 103 þorskígildistonna byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2016/2017.
Undir þessum lið vék Jón Páll Kristófersson af fundi.

Samþykkt samhljóða að úthluta kvótanum eftir sömu reglum og giltu í sveitarfélaginu vegna úthlutunar kvótans á síðasta fiskveiðiári.